



# Fullt starf eða hlutastarf?

Mismunandi aðstæður fyrir konur og

karla á Norðurlöndunum

Upplýsingar frá verkefninu Hlutastarf á Norðurlöndunum, 2014

# Fullt starf eða hlutastarf?

## Mismunandi aðstæður fyrir konur og karla á Norðurlöndunum

**Ábyrgð á fjölskyldu og börnum er aðalástæða þess að konur vinna hlutastörf. Þetta er niðurstaða norrænnar skýrslu sem unnin er af NIKK. Önnur skýring er sú að margir atvinnurekendur bjóða ekki upp á annað. Það er einfaldlega ekki möguleiki á því að vinna fulla vinnu.**

Konur vinna hlutastörf í mun meira mæli en karlar og það hefur afleiðingar fyrir fjárhagslegt sjálfstæði kvenna. Skýrslan Part-Time Work in the Nordic Region II varpar ljósi á rök og ástæður fyrir hlutastarfi kvenna á Norðurlöndunum.

Þegar konurnar sjálfar útskýra hvers vegna þær vinna hlutastarf kemur aftur upp sú skýring að þær hafi með hendi ábyrgð á fjölskyldu og börnum. Þess vegna eru stefnumörkun og stjórnvaldsaðgerðir, sem hafa með sambandið milli fjölskyldu og vinnu að gera, ein af mörgum mikilvægum skýringum á hlutastörfum kvenna. Í fjölskyldu og vinnumarkaðspólitík eru ólíkar væntingar hvað varðar vinnu kvenna og karla. Áhersla á umönnun og gæslu barna (þ.m.t. fæðingarorlof, foreldraorlof, dagforeldrar, leikskóli) og umönnun aldraðra eru stefnumótandi stjórnvaldsaðgerðir sem auðveldar tveimur aðilum að vinna utan heimilis og afla tekna til þess. Velferðarkerfið getur einnig byggst á hugmyndafræði um eina fyrirvinnu, t.d. með áherslu á að greiða foreldrum fyrir að vera heima með börn sín.

Í mörgum af Norðurlöndunum er við lýði sterkur ríkisstuðningur við módel sem gerir ráð fyrir tveimur fyrirvinnum og háu hlutfalli kvenna á vinnumarkaði. Á sama tíma eru einnig til staðar stjórnvaldsaðgerðir sem styðja módel með einni fyrirvinnu en áherslurnar eru mismunandi á milli landanna. Viðmið og gildi varðandi

foreldrahlutverkið stuðla að því að viðurkenna hlutastarf kvenna og þau útskýra að vissu leyti hvers vegna hlutastörf kvenna eru misalgeng á Norðurlöndunum.

### Kerfi sem ýtir undir hlutastörf

Segja má að hlutastörf á Norðurlöndunum hafi verið að þróast í það að verða viðtekið norm síðan á sjöunda áratugnum. Aukin þátttaka kvenna á vinnumarkaði fór í mörgum löndum saman með uppbyggingu velferðarkerfisins. Mörg hinna hefðbundnu kvennastarfa eru hjá hinu opinbera og þar var vinnutími oft aðlagður að ábyrgð kvenna fyrir börnum og fjölskyldu.

Samsetning opinberra ráðninga og sterk ítök stéttarfélaganna hefur á Norðurlöndunum orðið til þess að skapast hafa fleiri hlutastörf í háum gæðaflokki sem litið er á sem hluta af hinum hefðbundna vinnumarkaði. Gæði hlutastarfanna er mikilvægur þáttur þess að útskýra útbreiðslu þeirra. Þetta snýst t.d. um það í hve miklum mæli lög, kjarasamningar og hið almenna velferðarkerfi auðveldar eða flækir málið. Lagasetning til að koma í veg fyrir mismunum þeirra sem eru í hlutastörfum er nokkuð sem hefur orðið til þess að gera hlutastörf algengari

### Sameiginlegir og ólíkir þættir milli landanna

Hlutfall kvenna sem vinna hlutastörf er svipað á Norðurlöndum, að Finnlandi undanskildu, þar sem hlutastarf er sjaldgæfara. Þetta er að hluta til vegna þess að hlutastörf í Finnlandi eru ekki eins fjölbreytt og eru að mestu bundin við ófaglærð störf. Það eru líka sögulegar skýringar á því að Finnland er öðruvísi. Atvinnuþátttaka kvenna jókst fyrr í Finnlandi í samanburði við hin Norðurlöndin. Það virðist því sem Finnland, hafi á þessu tímabili, ekki einkennst eins mikið af húsmóðurímýndinni. Ennfremur



hefur finnska hagkerfið og lág laun eftir heimstýrjöldina síðari haft áhrif í þá átt að fullt starf varð efnahagsleg nauðsyn fyrir finnska konur

Um þessar mundir minnkar hlutfall þeirra sem vinna hlutastarf í mörgum Norðurlandanna, en hið gagnstæða virðist vera raunin í Finnlandi. Að hlutastörf aukist í Finnlandi tengist nýjum stjórnvaldsaðgerðum sem hafa gert það auðveldara að sameina hlutastörf með atvinnuleysi, umönnunarhlutverki eða skertri starfsgetu. Mismunandi þróun og útbreiðsla hlutastarfa á Norðurlöndunum hefur efnahagslegar-, pólitískar- og menningarlegar skýringar.

### Hlutastarf - ekki að eigin ósk

Að hlutastörf séu algengari meðal kvenna en karla hefur margar ólíkar skýringar. Ábyrgð á fjölskyldu og börnum, skipulag á vinnustöðum og eigin heilsa eru nokkrar skýringar

Margar konur í hlutastörfum lýsa því einnig að þeim hafi reynst erfitt að fá fullt starf. Líkurnar á því að starfs-

maður sinni hlutastarfi - ekki að eigin ósk, eru meiri meðal kvenna, þeirra sem ekki eru langskólagengnir og útlendinga. Í vissum fjölmönnum kvinnagreinum bjóða atvinnurekendur lítil sem engin tækifæri á öðru en hlutastörfum. Þá neyðist atvinnuleitandi sem helst vill vinna fullt starf til þess að sætta sig við hlutastarf. Umræðan um óumbeðið hlutastarf hefur verið nokkuð áberandi á Norðurlöndum. Í Noregi og Svíþjóð hefur verið gert átak til að fjölga 100% störfum, m.a. í heilbrigðisgeiranum, þar sem fjölga þarf starfsfólki. Þessar aðgerðir hafa hingað til verið fyrst og fremst mótaðar að þörfum atvinnurekenda. Í mörgum tilfellum hafa reglugerðir og kjarasamningar einnig torveldað aðgerðir.

### Vinnustaðir með „hlutastarfsmenningu“

Skipulag vinnustaðanna er nefnd sem önnur mikilvæg skýring á hlutastarfi kvenna. Í starfsgreinum þar sem góðir möguleikar eru á hlutastarfi og þar sem styttri vinnutími hefur ekki áhrif á framamöguleika, velja margar konur að vinna hlutastarf. Rannsóknir sýna að í

starfsgreinum þar sem full vinna er normið vinna konur í mun minna mæli hlutastörf.

Vinnustaðir með „hlutastarfsmenningu“ eru oft skipulagðir út frá þeim væntingum og þeirri viðurkenningu að konur, til að minnka álagið í hversdagslegu amstri, vilji minnka starfshlutfall sitt ef þær eignast börn. Sú hugsun tengist þeirri trú að það verði óhjákvæmilegur áreksstur milli atvinnu og fjölskyldulífs, áreksstur sem konur upplifi í ríkari mæli. Vinnustaðir sem hafa „hlutastarfsmenningu“ hafa almennt hærra hlutfall starfsmanna sem neyðast til að vera í hlutastarfi.

Frá sjónarhóli atvinnurekenda eru fleiri rök sem hvetja til þess að vinnan sé skipulögð sem hlutastarf. Atvinnurekandinn fær t.d. aukinn sveigjanleika og meiri möguleika til að aðlagja mannskapinn að starfsemi þar sem vinnuálag er breytilegt yfir daginn. Aukin hagkvæmni og vilji atvinnuveitandans til að lækka launakostnað eru einnig þættir sem útskýra þetta.

### Hlutastarf og heilsuleysi

Eigin sjúkdómur eða örorka eru hluti ástæðna sem konur gefa fyrir sínum hlutastörfum. Rannsóknir sýna að sjaldan er beint samband milli heilsuleysis og hlutastarfa. Hins vegar tengist hlutastarf og heilsuleysi árekstrum milli vinnu og fjölskyldu, svo sem minni tími til að safna kröftum eftir dagsins annir. Hlutastörf sem eru til komin vegna heilsubrestra eru einnig rædd í tengslum við erfð vinnuskilyrði og vissar starfsgreinar, til dæmis í hefðbundnum kvennastörfum á borð við hjúkrunar- og umönnunarstörf. Ein tilgáta er að hlutastarf sé til komið til að forðast eða reyna að takast á við það heilsuleysi sem fylgir slæmum og ósveigjanlegum starfsskilyrðum.

Samband milli hlutastarfa og heilsuleysis þarf að rannsaka nánar. Einnig þarf að rannsaka hlutastörf þar sem ekki er bara horft á kynjasjónarmið. Það þarf að framkvæma rannsóknir sem líta til annarra skýringarþátta,

svo sem stéttaskiptingar og menningarbakgrunnur. Umræður um hlutastörf hafa tilhneigingu til að snúast um konur í gagnkynhneigðu sambandi og því fær umræða um hlutastörf annarra kvenna ekki jafn mikið pláss.

### Þarf að endurskoða viðmiðin um fullt starf?

Umræður um hlutastörf kvenna er að hluta til ólík á Norðurlöndunum. Yfirleitt er greinilegur samfélagslegur skilningur á hlutastörfum kvenna en dýpt þess skilnings er þó mismunandi. Hlutastarfið er oft tengt jafnrétti kynjanna þar sem neikvæðir þættir þess eru dregnir fram.

Ein afleiðingin af umræðunni um vandamálin sem tengjast hlutastörfum er að fullt starf, eins og það er skipulagt í dag, er í umræðunni talið vera eina ákjósanlega starfshlutfallið. Það gerir það að verkum að svigrúmið fyrir umræður t.d. um almenna styttingu vinnudags minnkar. Vinnutími karlmannna verður þannig viðmiðið sem vinnutími kvenna er borinn saman við. Þess vegna hafa vissar jafnréttisspurningar átt eftitt uppdráttar. Er það t.d. sjálfsagt að konur eigi að vinna meira eða eiga karlmenn kannski að vinna minna?



- ▶ **Hlutfall kvenna í hlutastörfum er hæst í Noregi;** 36 prósent kvenna á vinnumarkaði milli 25 og 64 ára var í hlutastörfum á árinu 2012. 29 prósent danskra og 31 prósent sænskra kvenna var í hlutastörfum á því sama ári á meðan 26 prósent íslenskra kvenna vann hlutastarf og 15 prósent finnskra kvenna.

Heimild: *Part-Time Work in the Nordic Region I, NIKK 2014*

### Um skýrsluna

Norræna Ráðherranefndin hefur falið NIKK, Nordisk information för kunskap om kön að kortleggja hlutastörf á Norðurlöndunum. Í fyrstu rannsókninni er skoðað hvaða áhrif hlutastarf hefur á efnahagslega dreifingu á milli kvenna og karla. Ida Drange og Cathrine Egeland, rannsaka

við Senter for velferds- og arbeidslivs-forskning, Arbeidsforskningsinstituttet við Høgskolen i Oslo og Akershus (HiOA). Þær hafa skrifað skýrsluna Part-Time Work in the Nordic Region II. A Research review on important reasons og þetta upplýsingablað er stutt samantekt úr skýrslunni.



Skýrsluna getur þú lesið á [nikk.no](http://nikk.no).  
Við twittum um hlutastarf á Norðurlöndunum [#nikkdeltid](https://twitter.com/nikkdeltid).